

Fimmtudaginn 21. desember 1989.

Nr. 125/1989. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

**Magnúsi Rikharðssyni**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.).

Fiskveiðibrot. Ákæra.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. mars 1989 að ósk ákærða og jafnframt af ákærvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu og staðfestingar á upptöku afla og veiðarfæra. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti krafðist ríkissaksóknari til vara, að ákærði sætti refsingu og upptöku afla samkvæmt 12. gr. og 18. gr. laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og refsing verði þá einnig þyngd.

Ákærði krefst sýknu, en til vara vægustu refsingar samkvæmt 12. og 18. gr. laga nr. 81/1976, sbr. lög nr. 32/1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, og reglugerð nr. 125/1979, um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu.

Ákærði var að botnvörpuveiðum á togskipinu Sigurvík, VE 555, innan fiskveiðilandhelginnar á hafsvæði, þar sem botnvörpuveiðar eru heimilar samkvæmt 3. gr. laga nr. 81/1976, og hefur því ekki brotið gegn 2. mgr. 2. gr. laga þessara. Við veiðarnar notaði ákærði botnvörpu með minni möskvum en mælt er fyrir um í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 125/1979. Undanþáguákvæði 2. gr. reglugerðarinnar tekur ekki til veiða á því svæði, þar sem ákærði var að veiðum. Hann hefur því brotið gegn ákvæði 1. mgr. 1. gr., sbr. 10. og 11. gr., reglugerðar þessarar. Sjá dóma Hæstaréttar 20. mars 1989 í málunum nr. 19/1989 og nr. 20/1989.

Fyrir Hæstarétti var málið reifað með hliðsjón af varakröfu ríkissaksóknara, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Ber að ákveða ákærða refsingu samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga

nr. 81/1976, sbr. 4. gr. laga nr. 118/1984. Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands jafngilda 100 gullkrónur 3.657,75 krónum. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi, og skal sektin samkvæmt 21. gr. laga nr. 81/1976 renna í Landhelgissjóð Íslands. Rétt þykir, að tveggja mánaða varðhald komi í stað sektar, verði hún ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku afla, en andvirði hans skal renna í sjóð samkvæmt 2. gr. laga nr. 32/1976.

Í 18. gr. laga nr. 81/1976 felst ekki heimild til upptöku veiðarfæra nema við ítrekað brot, og ber að hnekkja niðurstöðu héraðsdóms að því leyti.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar í héraði að undanskildum kostnaði við mat veiðarfæra. Þá ber að dæma hann til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins að  $\frac{3}{4}$  hlutum, eins og greinir í dómsorði. Að öðru leyti skal sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Magnús Ríkharðsson, greiði 180.000,00 krónur í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald tvo mánuði í stað sektar, verði hún ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Afli Sigurvíkur, VE 555, skal upptækur og andvirði hans renna í sjóð samkvæmt 2. gr. laga nr. 32/1976.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku veiðarfæra er fellt úr gildi.

Ákærði greiði sakarkostnað í héraði að undanskildum kostnaði við mat veiðarfæra.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins að  $\frac{3}{4}$  hlutum, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Skarphéðins Þórissonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

## Dómur sakadóms Vestmannaeyja 20. febrúar 1989.

## I.

*Dómkröfur o.fl.*

Mál þetta, sem að undangengnum munnlegum málflutningi var dómtekið í gær, er höfðað hér fyrir sakadóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 18. febrúar 1989, á hendur Magnúsi Ríkharðssyni, Foldahrauni 40 F, Vestmannaeyjum, skipstjóra á togskipinu Sigurvík, VE 555, „fyrir fiskveiðibrot með því að hafa um kl. 18.00 föstudaginn 17. febrúar 1989 verið á botnvörpuveiðum á skipinu, sem er 66 brúttórúmllestir og 21,73 lengdarmetrar, norðan til í Álnum, skammt undan Bakkafjöru, með botnvörpu, sem búin var riðli með lágmarksmöskvastærð 135 mm í 4,20 öftustu metrum vörpunnar, og á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, sem gefur stað skipsins um 24 sjómíflur innan þeirra marka, þar sem veiðar með svo útbúinni botnvörpu eru leyfðar á þessum árstíma.

Brot ákærða telst varða við 2. mgr. 2. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 81/1976, sbr. 1. mgr. 1. gr., sbr. 2. gr., reglugerðar um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, nr. 125/1979, sbr. 5. gr. nefndra laga, nr. 81/1976, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975, lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1974, um breyting á þeim lögum.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 1. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr., 17. gr. nefndra laga, nr. 81/1976, og til þess að sæta samkvæmt 3. mgr., sbr. 21. gr., sömu laga upptöku á veiðarfærum skipsins, þar með töldum öllum dragstrengjum, svo og öllum afla innan borðs, og til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. saksóknarlauna, í ríkissjóð.“

Af hálfu ákærða er þess aðallega krafist, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og honum dæmd málsvarnarlaun að mati réttarins, en til vara er þess krafist, að til grundvallar dómsniðurstöðu verði lagðar reglugerðir um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, nr. 125/1979 og 353/1984, aðallega 10. gr. Enn fremur er krafist málsvarnarlauna eins og með aðalkröfu.

## II.

*Málsatvik.*

Síðdegis föstudaginn 17. febrúar sl. tilkynnti skipherrann á varðskipinu Tý, að hann hefði staðið skipstjóranum á togskipinu Sigurvík, VE 555, að ætluðum ólöglegum veiðum þá fyrr um daginn, og hefði hann gefið skipstjóranum fyriræli um að sigla skipinu til hafnar í Vestmannaeyjum, þar sem mál hans yrði tekið til frekari rannsóknar. Skipherrann kvað varðskipið og ms. Sigurvík verða komin til hafnar í Vestmannaeyjum eftir u.þ.b. klukkustund og óskaði eftir því, að bæjarfógetaembættið í Vest-

mannaeyjum hlutaðist til um, að gerðar yrðu víðeigandi ráðstafanir, er ms. Sigurvík kæmi í höfn.

Formleg rannsókn hófst fyrir dóminum kl. 11 næsta dag, laugardaginn 18. febrúar sl. Skipherrann á varðskipinu hefur lagt fram skýrslu sína, og er hún svohljóðandi:

„Föstudaginn 17. febrúar 1989 stóð varðskipið Týr togbátinn Sigurvík, VE 555, skipstjóri Magnús Ríkharðsson, til heimilis að Foldahrauni 40 F, Vestmannaeyjum, fæddur 20.8. 1964, nafnúmer 6279-5328, að ólöglegum togveiðum í Álnum N af Vestmannaeyjum. Nánari málsatvik voru sem hér greinir:

Föstudaginn 17. febrúar var varðskipið Týr á eftirlitsferð N af Elliðaey. Um kl. 17.35 var tekið eftir togbát að veiðum N af Vestmannaeyjum.

Kl. 17.45 var komið að togbátinum Sigurvík, VE 555, sem var að taka vörpuna, og sást, þegar skipverjar bátsins hífðu inn pokann.

Staður Elliðaeyjar miðast r/v 148 gráður, fjarlægð 3.6 sjóm. Gefur það stað bátsins um 18.0 sjóm. (sic) innan leyfilegra marka.

Kl. 17.46 fóru 1. og 2. stýrimaður varðskipsins ásamt tveimur hásetum yfir í togb. Sigurvík, VE 555, til mælinga.

Við mælingu á poka botnvörpunnar kom í ljós, að hann var of smáriðinn að hluta. Var þá skipstjóra bátsins tilkynnt, að hann yrði færður til hafnar í Vestmannaeyjum, svo að frekari rannsókn gæti farið fram í máli hans.

Um kl. 19.40 hélt báturinn áleiðis til Vestmannaeyja, en varðskipið sneri til annarra starfa.

Veður: SV 3 vindst., snjóél, sjór 5.

Með skýrslu þessari fylgir mælingaskýrsla 1. og 2. stýrimanns ásamt ljósriti af sjókorti, nr. 321, þar sem staður bátsins kl. 17.45 er markaður.

Það skal tekið fram, að varðskipsmenn tóku poka vörpunnar með sér um borð í varðskipið, og er hann geymdur þar.

Sigurður Þ. Árnason (sign).“

Í mælingaskýrslu varðskipsmanna á poka vörpu skipsins, sem er undirrituð af 1. stýrimanni varðskipsins, vitninu Halldóri Gunnlaugssyni, kemur m.a. fram, að neðsti hluti pokans, þ.e. 4,20 metrar, hafi verið með 135-140 mm möskva.

Ákærði, Magnús Ríkharðsson, kvaðst enga athugasemd gera við skýrslu skipherrans á varðskipinu Tý og kvað skýrsluna í alla staði rétta. Ákærði kvaðst viðurkenna, að það væri rétt hjá varðskipsmönnum, að neðsti hluti pokans hefði verið með 135-140 mm möskva, og kvaðst viðurkenna það. Ákærði kvað það rétt vera, að allur poki vörpunnar, þ.e. allir átta metrarnir, hefðu átt að vera með 155 mm möskva. Við mælingaskýrsluna í heild sinni kvaðst hann ekki gera athugasemdir, en hafa verið grunlaus um, að svo stór hluti af poka vörpunnar hefði verið með svo þéttriðnu neti. Ákærði

upplýsti hins vegar, að þar sem teygst hefði á möskvunum í neðsta hluta pokans og þeir verið komnir í allt að 170 mm og engu haldið inni, hefði hann beðið útgerðarmann skipsins, vitnið Sigurð Inga Ingólfsson, sem jafnframt sé starfandi netagerðarmeistari, að skipta um möskvana í botninum á pokanum, nokkrar síður. Ákærði kvaðst hafa talað um það við útgerðarmanninn, að þeir möskvar ættu að vera eitthvað minni en hinir lögboðnu, 155 mm, eða nánar til tekið 140 - 145 mm. Ákærði taldi hins vegar, að orðið hefðu mistök hjá útgerðarmanninum, þar sem hann hefði sett upp fjóra metra, eins og ákærði orðaði það, og um það hefði hann verið algjörlega grunlaus. Ákærði kvaðst hafa verið búinn að nota vörpu pokans þannig útbúna í u.þ.b. mánaðartíma, en gæftir hefðu verið með eindæmum stirðar, litlar sem engar. Ákærða, sem ekki gerði athugasemdir við mælingu varðskipsmanna, eins og fyrr greinir, fannst þó rétt að taka fram, að sér hefði fundist varðskipsmenn mæla of mikið í ólöglega netinu, en ekki upp átta metrana, sem hann teldi þó, að hefði átt að gera og taka síðan meðaltal af því, og eins væri spurning að sínu mati, hversu mikið átak ætti að nota við mælinguna. Við þingfestingu málsins hafði ákærði ekkert við hegðunarlýsingu í ákæru að athuga.

Vitnið Sigurður Ingi Ingólfsson, útgerðarmaður mb. Sigurvíkur, VE-555, upplýsti, er vitnið kom fyrir dóminn, hvernig stóð á því, að 4,20 öftustu metrar vörpunnar reyndust vera með 135 mm möskvastærð. Vitnið kvaðst sjálft hafa unnið það verk, sem til hefði þurft í þessu sambandi. Aðdragandi hefði verið sá, sagði vitnið, að í byrjun desember hefði það mælt þann hluta vörpu pokans, sem fyrir hafi verið, áður en skipt var um, og notað við það sams konar mælistiku og varðskipsmenn nota. Möskvarnir hefðu mælst hjá sér allt upp í 164 mm. Á þessum tíma hefði verið mikil óánægja með það, hvað skipið fékk litinn afla úr sjó, og það hefði verið mat vitnisins, að skipta þyrfti um þetta við fyrstu hentugleika. Strax eftir jól kvaðst vitnið síðan hafa ráðist sjálft í að gera þetta. Vitnið kvaðst hafa sniðið niður „stykki“ og gengið frá þessu. Vitnið taldi, að sér hefðu sjálfsagt orðið á einhver mistök, þar sem það hefði ekki ætlað að skipta um nema smáhluta neðst í vörpu pokans, svokölluðum hífipoka, en þar sagði vitnið, að tognaði strax upp í mikla riðilsstærð, sem ylli því á litlum báti, eins og hér um ræðir, að mikið af stórum fiski færi þar út um netið. Vitnið sagði, að það hefði gert þetta um borð og staðið þar eitt að verki, og þar sem möskvarnir í vörpu pokans hefðu að mati vitnisins verið stórir, langt upp fyrir hífipokann, kvaðst það hafa haldið áfram upp pokann og með því gert einhver mistök. Vitnið sagðist ekki geta mótmælt því, sem stæði í ákæru, að 4,20 öftustu metrar af vörpu pokans hefðu verið af lágmarksstærðinni 135 mm, en tók hins vegar fram, að það hefði talið, að möskvastærðin hefði verið yfir 140 mm.

Vitnið Sigurður Árnason, skipherra á varðskipinu Tý, kom fyrir dóminn og staðfesti skýrslu sína. Vitnið gerði grein fyrir einstökum atriðum skýrslunnar, og kom fram í framburði vitnisins, að þar sem talað væri um í skýrslunni, að við mælingu á poka botnvörpunnar hefði komið í ljós, að hann væri of smáridinn að hluta, væri höfð til hliðsjónar reglugerð um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu. Þar sem segði í skýrslunni, að báturinn hefði verið 18 (sic) sjómilur innan leyfilegra marka, sagði vitnið, að átt væri við svokallaða karfalínu, sem dregin sé samkvæmt sömu reglugerð á 12 mílna mörkunum (miðað við grunnlínu) suður af Geirfuglaskeri. Eftir þingfestingu málsins kom vitnið aftur fyrir dóminn og upplýsti, að orðið hefðu mistök í skýrslugerðinni, dskj. III, skjal 1, þar sem talað væri um, að báturinn hefði verið 18 sjómilur innan leyfilegra marka, en ætti að vera, miðað við árstíma, 24 sjómilur. Vitnið taldi, að hér væri eingöngu um brot á reglugerðinni um möskvastærð að ræða. Vitnið sagði, að staður skipsins kl. 17.45 hefði verið markaður inn á sjókortið nr. 321 af yfirstýrimanni, Ólafi Val Sigurðssyni, og kvaðst vitnið hafa yfirfarið það og það reynst vera rétt markað. Vitnið gerði nánari grein fyrir því, þegar það sendi undirmenn sína yfir í mb. Sigurvík til mælinga. Það kvað yfirmann þess leiðangurs hafa verið 1. stýrimann varðskipsins, Halldór Gunnlaugsson, og með honum í för hefðu verið 2. stýrimaður varðskipsins, Þórir Jóhann Axelsson, bátsmaðurinn, Steinar Clausen, og einn háseti.

Vitnið Halldór Gunnlaugsson, 1. stýrimaður á varðskipinu Tý, sagði, að þegar það hefði komið um bord í mb. Sigurvík, hefði ekki verið búið að kasta trollinu. Vitnið, sem sagðist vera vanur netamaður og búið að vera mikið á fiskiskipum, sérstaklega á trollbátum og togurum, sagðist hafa byrjað á því, er það kom um bord, að kíkja í fiskikassann og þá séð, að fiskurinn var mjög smár. Vitnið greindi frá því, hvernig staðið hefði verið að mælingunni, sagði, að mælt hefði verið eftir sérstakri vinnureglu, og í samræmi við hana hefði ekki verið mælt nær pokaopinu en fjóra möskva, og mælt hefði verið í tveimur samhliða línur upp eftir pokanum og ekki færri en 20 möskva í báðum byrðum og síðan upp eftir pokanum til þess að sjá, hve langt hin tiltekna möskvastærð næði. Vitnið sagði, að þegar það hefði verið búið að finna það, hefði það reynst vera 4 metrar og 20 cm frá pokaopi, þangað til sú möskvastærð byrjaði, sem lögleg sé, þ.e. 155 mm. Vitnið sagði, að ekki hefði verið notaður vigtarmælir, heldur mælistika, löggilt og viðurkennd af dómsmálaráðuneytinu, og hefði skipstjóri og fleiri skipverjar verið viðstaddir mælinguna. Vitnið kvaðst hafa bent skipstjóra sérstaklega á það, að við sína mælingu notaði það krafta, til þess að það yrði þeim örugglega í hag, og sýnt honum fram á, að örugglega væri notuð nægileg orka við að setja mælistikuna í netið. Í því sambandi kveðst vitnið gera ráð fyrir því, að hún hafi verið nær því að vera

20-30 kg en 5 kg. Vitnið sagði, að þegar möskvinn hefði verið mældur, hefði hann verið teygður horna á milli, þ.e. teygður langsum eftir upp-tökum, og þess gætt að halda honum í beinni línu, hæfilega strekktum fyrir mælistikuna. Vitnið sagði, að netið hefði verið vel vott, enda nýkomið upp úr sjó. Vitnið kvað það rétt vera, að það hefði komið ákærða á óvart, hver niðurstaða á mælingunni hefði verið, og hefði ákærði tekið fram, að netið hefði verið lítið notað, enda nýlega komið frá netagerð, og hefði einn af eigendum skipsins lagt til veiðarfærið. Í þessu sambandi sagðist vitnið ekki sjá betur en um það bil helmingur af upphaflega pöknum hefði verið skorinn frá og annar með smærri möskvum saumaður fyrir neðam. Vitnið, sem sagðist telja, að hér væri um skýlaust brot að ræða, sagði, að mælinga-skýrslan væri gerð af samviskusemi og eftir bestu vitund, og kvaðst telja hana rétta, en aðstoðarmenn við mælinguna hefðu verið vitnið Þórir Jóhann Axelsson, 2. stýrimaður á varðskipinu, og hásetinn Hannes Bjarnason og bátsmaðurinn, Steinar Clausen.

Vitnið Þórir Jóhann Axelsson, 2. stýrimaður á varðskipinu, sagði, að það hefði fylgst með því, er 1. stýrimaður, vitnið Halldór Gunnlaugsson, hefði mælt möskva vörpunnar. Það sagði, að vitnið Halldór hefði lesið upp þær tölur, sem hefðu komið fram við mælinguna, og bátsmaður, Steinar Clausen, hefði endurtekið þær og skráð þær, en það sjálf fylgst með því, að réttar tölur, sem voru upp lesnar, væru færðar inn á mælinga-skýrsluna, dskj. III, 2. Vitnið staðfesti mælingaskýrsluna sem rétta.

### III.

#### *Niðurstaða.*

Skv. 5. gr. laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, er ráðherra heimilt að ákveða með reglugerð skiptingu veiðisvæða milli veiðarfæra og banna notkun tiltekinna gerða af veiðarfærum á tilteknum veiðisvæðum í takmarkaðan tíma.

Í 2. gr. a-liðar reglugerðar nr. 125/1987, sem byggð er á nefndum lögum, er tilgreint, hvar heimilt er að veiða með botnvörpu, sem hefur poka með 135 mm lágmarksstærð möskva.

Á svæði því, sem veiðar ákærða fóru fram á, bar ákærða að hafa botnvörpu skipsins útbúna þannig, að lágmarksmöskvastærð a.m.k. átta öftustu metrana væri 155 mm., sbr. 1. gr. 1. mgr. áðurnefndrar reglugerðar, nr. 125/1979. Óumdeilt er í málinu, að botnvarpa skipsins fullnægði ekki framangreindum skilyrðum, enda var varpa skipsins útbúin þannig, að 4,20 öftustu metrar hennar voru með riðli (möskva), þar sem lágmarksmöskvastærð var 135 mm. Ákærða var þannig, eins og hér stóð á, óheimilt að stunda botnvörpuveiðar á skipinu á því svæði, þar sem veiðarnar fóru fram, en ekki er deilt um staðarákvarðanir í máli þessu.

Ekki skiptir máli í þessu sambandi, þótt ákærði hafi talið, að hann væri á löglegum veiðum í umrætt sinn, þar sem ákærða bar sem skipstjóra að fylgjast með því, að veiðarfæri skipsins fullnægðu settum reglum, áður en hann hóf veiðar. Ákærða var þannig með öllu óheimilt að gefa útgerðarmanni skipsins fyrirhælt um að breyta þannig vörpu skipsins, að hún fullnægði ekki settum reglum, en viðurkennt er af ákærða, að hann hafi ætlast til þess, að neðstu möskvarnir í trollinu, þ.e. nokkrar síður, yrðu með 140 til 145 mm möskva. Ákærða mátti því vera ljóst, að hann var á ólöglegum veiðum í umrætt sinn.

Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum málsins þykir því nægilega sannað, að ákærði hafi um kl. 18 föstudaginn 17. febrúar 1989 gerst sekur um fiskveiðibrot. Ákærði var þá á botnvörpuveiðum á skipi sínu, Sigurvík, VE 555, sem er 66 brúttórumlestir og 21,73 lengdarmetrar, norðan til í Álnum, skammt undan Bakkafjöru, með botnvörpu, útbúinni eins og að framan greinir, og á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, sem gefur stað skipsins um 24 sjómilur innan þeirra marka, þar sem veiðar með slíkri botnvörpu eru leyfðar á þessum árstíma. Í ákæru ríkissaksóknara er hegðun ákærða réttilega lýst og hún þar heimfærð til rétttra refsilagaákvæða.

Í vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 19. febrúar sl., segir svo: „Samkvæmt gullgildi 19. febrúar 1989 jafngilda 100 gullkrónur 3.061,71 - þrjú þúsund sextíu og einni 71/100 krónum.“

Ákærði, Magnús Ríkharðsson, er sakhæfur. Hann er fæddur 20. ágúst 1964 í Ólafsvík og hefur samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins sætt einungis eftirgreindri refsingu:

1984 28/3 Snæfells- og Hnappadalssýsla. Sátt: 3.000,00 kr. sekt f. brot g. l. um skotv. og sprengiefni, nr. 46/1977.

Samkvæmt refsíákvæðum þeim, er í ákæruskjali greinir, og með hliðsjón af stærð vélbátsins Sigurvíkur, VE 555, og málsatvikum að öðru leyti þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt, 180.000,00 kr., til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 60 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Afli og veiðarfæri mb. Sigurvíkur, VE 555, voru metin til peningaverðs af dómkvöddum matsmönnum, þeim Hallgrími Júlíussyni netagerðarmeistara og Ágústi Helgasyni fiskimatsmanni, og staðfestu þeir mat sitt hér fyrir dóminum og komust að svofeldri niðurstöðu:

*Mat á veiðarfærum:*

90 feta fótrepistroll .....	117.500,00 kr.
80 feta kassatroll .....	119.000,00 “
1 sett toghlerar, Byson no. 8 .....	75.000,00 “

grandarar, 12 og 16 mm. ....	10.000,00	kr.	
2x300 faðma togvírar 2“ .....	38.800,00	“	
bobbingalengja .....	25.500,00	“	
2 undirbyrði og varastykki .....	11.900,00		397.700,00 kr.

*Mat á afla (miðað við Landssambandsverð):*

130 kg ýsa ... 27/51 .....	3.576,00	kr.	
270 kg ýsa ... 39/30 .....	10.611,00	“	
200 kg þorskur 40/76 .....	8.152,00	“	22.339,00 kr.
	Samtals		420.039,00 kr.

Eins og krafist er í ákæruskjali, ber með vísan til 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 að gera allan framangreindan afla og veiðarfæri, þar með talda dragstrengi, upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, 30.000,00 kr., og saksóknarlaun til ríkissjóðs, 30.000,00 kr., en Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari flutti mál þetta af ákæruvalds hálfu.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari (dómsformaður) kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Friðriki Ásmundssyni skipstjóra og Finnboga Ólafssyni netagerðarmeistara.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Magnús Ríkhartsson, greiði 180.000,00 kr. í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja, en sæti ella varðhaldi 60 daga.

Öll veiðarfæri mb. Sigurvíkur, VE 555, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innan borðs skulu vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Skarphéðins Þórissonar hrl., 30.000,00 kr., og saksóknarlaun til ríkissjóðs, 30.000,00 kr., en Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari flutti mál þetta af ákæruvalds hálfu.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.